

Framkvæmdaáætlun fyrir Þórbergssetur Starfsárið 2018

Þórbergssetur er menningarsetur í sveit á Íslandi með öfluga starfsemi allt árið. Þórbergssetur er eitt af þremur rithöfundasöfnum Íslands og gegnir þar með mikilvægu hlutverki sem ein af menningarstofnunum Íslands. Samningur um rekstur Þórbergssseturs við mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands var undirritaður í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 29. október 2015. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018 og rekstrarframlag er 10 milljónir króna ár hvert. Framlag fyrir árið 2018 er 10 milljónir samkvæmt fjárlögum samþykktum á Alþingi í desember 2016. Endurnýja þarf samning við mennta og menningarráðuneytið á þessu ári.

Móttaka ferðamanna

Þórbergssetur hefur markað sér sérstöðu í ferðaþjónustu á Íslandi með uppbyggingu menningarferðaþjónustu sem byggir á merkimótum Þórbergs Þórðarsonar, en einnig staðbundinni þekkingu heimamanna á umhverfi, sögu og náttúru. Tekið er á móti gestum af sveitasið, þeim boðið upp á veitingar beint frá Hala, Jöklaþékkju og Halalamb. Gestgjafar leggja sig fram við að segja frá einstöku sambýli manna og náttúru í Skaftafellssýslum bæði fyrr og nú og bókaveggurinn utan dyra birtist sem tákni um þann menningararf sem við eigum merkastan, bókmenntir og sagnalist. Starfsemin eykst ár frá ári í takt við aukinn fjölda ferðamanna og með hljóðleiðsögn á 9 tungumálum er nú hægt að koma betur á mótis við erlenda ferðamenn sem sækja staðinn heim.

Eftirfarandi menningarviðburðir eru þegar ákveðnir á árinu 2018

Afmælis dagskrá í marsmánuði

Rithöfundar koma og kynna verk sín. Minnst verður 130. ártíð Þórbergs Þórðarsonar

Bridgehátíð og hrossakjötsveisla

Árleg menningarhátíð í apríl þar sem byggt er á staðbundinni menningarhefð, bridgespilamennsku og hrossakjötsáti

Endurbætur á sýningu í Þórbergssetri

Hugað að viðbót inn á aðalsýningu Þórbergssseturs og betri nýtingu á auðum svæðum. Spurning um að láta gera mannfólkið sem bjó í baðstofunni á Hala? og leita til Ernst Bachmans listamann.

Tónleikar í Kálfafellsstaðarkirkju

Árlegir tónleikar í Kálfafellsstaðarkirkju 29. júlí. Fengnir góðir tónlistarmenn til tónleikahalds og rifjuð upp ævaforin saga um Völvuleiðið á Kálfafellsstað

Meningardagskrá Þórbergssseturs

Í Þórbergsssetri er í boði menningardagskrá fyrir sérhópa í 2 – 3 daga eftir óskum hvers og eins eða styttri móttökur með eða án veitinga

Málþing að hausti

Efni óákveðið

Heimasíða og uppfærsla á hljóðleiðsögn

Áfram verður unnið að því að bæta við efni og fróðleik á heimasíðu Þórbergssseturs. Hugað verði að hljóðleiðsögn utan dyra og að setja upp ratleik fyrir börn um sýningu Þórbergssseturs. Michael Kienitz ljósmyndari ætlar að taka myndir af merktum gönguleiðum í hlíðum Steinafjalls og fyrirhugað er að gefa út app með lesnum textum á íslensku, ensku og þýsku.

Fræðaíbúð

Þórbergsssetur býður dvöl á Sléttaleiti í fræðaíbúð yfir vetrartímam fólki að kostnaðarlausu.

Merkt gönguleið

Þórbergsssetur hyggst styrkja áfram framtak Berglindar Steinþórsdóttur hönnuðar og ferðamálafræðings að merkja gönguleið fyrir ferðamenn sem dvelja á Hala. Um er að ræða svokallaðan „ömmuhring“ sem að er gönguleið Ingibjargar á Hala (fædd 1923) umhverfis Halabæina. Leiðin verður vörðuð með fræðsluskiltum um umhverfið og einnig verða leikfímæfingar á hverri stoppistöð (Mullers æfingar) Verkefnið hófst á árinu 2016 en verður vonandi hægt að ljúka því á árinu 2018.

Undirbúningur að stækkun húsakynna

Með vaxandi fjölda ferðamanna er komið að því að huga að endurskipulagningu og stækkun húsakynna, Húsið þarf líka verulegt viðhald, mála þarf vegg, skipta um gólfefni og gera við leka í þaki inn á sýningu. Gott væri að huga að því að gera viðhaldsáætlun fyrir húsið og framkvæma eftir henni skref fyrir skref.

Á árinu 2017 verður haldið áfram að starfa samkvæmt þeim sjö meginmarkmiðum sem koma fram í greinargerð um starfsemi Þórbergssseturs og hefur áður verið send til ráðuneytisins

Hala í Suðursveit

15. janúar 2018

Þorbjörg Arnórsdóttir

